



Lokaskýrsla Reykjaneshæjar

Um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
í gegnum verkefnið

Barnvæn sveitarfélög

Reykjaneshær

ÚTGÁFUDAGUR 23.12.2024



unicef 

fyrir öll börn

REYKJANESBÆR

Efnisyfirlit

Orðskýringar.....	1
1. Stöðumat.....	4
2. Aðgerðaáætlun.....	7
2.1 Framkvæmd aðgerða	7
Aðgerð 1	7
Aðgerð 2	8
Aðgerð 3	9
Aðgerð 4	10
Aðgerð 5	11
Aðgerð 6	14
Aðgerð 7	16
Aðgerð 8	16
Aðgerð 9	18
Aðgerð 10	19
Aðgerð 11	19
Aðgerð 12	20
Aðgerð 13	20
Aðgerð 14	21
Aðgerð 15	22
Aðgerð 16	23
3. Önnur verkefni.....	23
Verkefni hjá ungmennaráði	24
Allir með	24
Menningarhátíðir	25
Verkefni á umhverfis- og framkvæmdasviði	26
Verkefni hjá Leikskólum	27
4. Innleiðing verkefnisins Barnvæn sveitarfélög – reynsla í Reykjanesbæjar.....	29
5 Barnaskýrsla	32
Samantekt	34

Orðskýringar

Aðgerðaáætlun	Aðgerðaáætlun fjallar um verkefni og verkþætti sem vinna skal til þess að ná tilteknum markmiðum. Þar er tilgreint hver ber ábyrgð á tiltekinni aðgerð og verkefnishópur aðgerðar.
Aðgerð	Aðgerð er leið að markmiði.
Ábyrgð	Ábyrgðaraðili aðgerðar.
Árangursviðmið	Árangursviðmið eru sett fram í samfelldu máli. Árangursviðmiðin eru vísbendingar um að aðgerðir séu í vinnslu samkvæmt markmiði og/eða markmiðum þeirra mætt.
Innleiðingarferli	Skipulag um framkvæmd og innleiðingu stefnu.
Stöðumat	Grundvöllur aðgerðaáætlunar verkefnisins og býr til ramma fyrir gagnaöflun sem stuðst er við í innleiðingarferlinu.
Könnun	Með könnun (skoðanakönnun eða spurningakönnun) er safnað saman upplýsingum og gögnum um skoðanir, viðhorf og þekkingu frá einstaklingum og hópum.
Markmið	Markmið eru sett fram í samfelldu máli, ýmist huglæg eða hlutlæg.
Tímarammi	Aðgerðir ber að framkvæma innan tilsetts tímaramma. Sumar aðgerðir eru ávallt í framkvæmd.
Samráð	Hagsmunaaðilar sem málið varðar, innan og utan stjórnkerfisins. Þátttaka þeirra stuðlar að betri samstöðu og eykur líkur á að markmið náist.
Stýrihópur	Stýrir vinnunni sem bakhjarl og verkefnishópur. Skipaður fulltrúum frá öllum sviðum Reykjanesbæjar, bæjarfulltrúum og fulltrúum úr ungmennaráði.
Stöðumat	Aflað er víðtækra upplýsinga um viðfangsefnið og umhverfi þess. Komist er að samkomulagi eða sameiginlegri sýn náð á hver staðan raunverulega er.
Verkefnastjóri	Sá sem leiðir stýrihópin áfram að lokaafurð. Verkefnastjórinn samhæfir starf stýrihópsins, er tengiliður við umboðsaðila og ber ábyrgð gagnvart honum/henni. Verkefnastjóri hefur yfirsýn yfir verkefnið. Verkefnastjóri útdeilir verkefnum og viðfangsefnum sem þarf að inna af hendi, miðlar upplýsingum, skipuleggur, kynnir afurðir o.fl.
Verkefnishópur	Framkvæmdaðilar aðgerða, bera ekki endanlega ábyrgð.

Páttakendur	Páttaka þeirra sem stuðla að betri samstöðu og eykur líkur á að áætlunin komist til framkvæmda. Hagsmunaaðilar sem málið varðar geta verið margir, innan og utan stjórnkerfisins.
--------------------	---

Þann 7. apríl 2020 samþykkti bæjarstjórn Reykjanesbæjar að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og verða þannig hluti af verkefninu Barnvæn sveitarfélög sem er á vegum UNICEF. Innleiðingar ferlið felst í átta skrefum, *Staðfesting, Stöðumat, Fræðsla, Aðgerðaáætlun, Framkvæmd, Skýrsla, Mat og Viðurkenning* og að lokum *Ný markmið og endurmat*. Ráðinn var verkefnastjóri og stýrihópur myndaður sem hélt utan um verkefnið. Nokkrar mannabreytingar voru í gegnum ferlið en ávallt voru fulltrúar frá öllum sviðum Reykjanesbæjar, bæjarfulltrúar (einn út meirihluta og einn úr minnihluta) ásamt tveimur fulltrúum úr ungmennaráði Reykjanesbæjar.

Algengt er að starfsfólk þurfi aðlögunartíma þegar kemur að breytingum á verkferlum og var þetta verkefni ekki undanskilið því. Þrátt fyrir það má almennt segja að vel hafi gengið að virkja starfsfólk til þátttöku í verkefninu, hvetja til umræðu og virkja það til að stuðla að þekkingu á réttindum barna. Verkefninu fylgdu þó ýmsar áskoranir, flestar tengdar kórónuveirufaraldursins og gera þurfti ýmsar breytingar á verkefnum því tengdu. Einnig má nefna náttúruhamfarirnar á Suðurnesjunum sem settu sinn svip á verkefnið. Við rýmingu í Grindavík myndaðist stór áskorun fyrir öll nærliggjandi sveitarfélög við að finna m.a. leik- og grunnskólapláss fyrir börn frá Grindavík og að hlúa vel að þeim andlega.

Í þessari skýrslu verður farið yfir hvernig var staðið að verkefninu hjá Reykjanesbæ og hvernig til tókst.

Fyrir hönd stýrihópsins,
Aðalheiður Júlírós Óskarsdóttir
Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS

1. Stöðumat

Fyrsta skrefið í innleiðingarhring fyrir Barnvænt sveitarfélag er stöðumat. Hafist var handa við stöðumat verkefnisins í október 2020 og var gögnum safnað saman á margvíslegan máta. Hér fyrir neðan verður stiklað á stóru um þær aðferðir sem voru notaðar og helstu niðurstöður en ítarlegri skýrslu má finna í greinagerð um stöðumatið, sjá [hér](#).

Aðferðir sem voru notaðar og niðurstöður:

- Gátlistar UNICEF

Stýrihópnum var skipt niður í fimm hópa og svaraði hver þeirra einum gátlista. Svör stýrihópsins leiddu í ljós að sveitarfélagið var að gera margt gott en þrátt fyrir það var ýmislegt sem mætti bæta strax og má þar einna helst nefna að við stefnumótun og gerð aðgerðaáætlana ættu öll svið og stofnanir að gera betur í að vinna með raddir barna og ungmenna. Einnig var ljóst að skoða þyrfti vel hvað hægt væri að gera til að stuðla að betri líðan barna og ungmenna í Reykjanesbæ þar sem andleg heilsa mældist marktækt lægri en annars staðar á landinu. Jafnframt kom fram að það mætti fræða starfsfólk um réttindi barna þannig að það gæti unnið með sáttmálann og sett réttindi barna í samhengi við störf sín auk þess að fræða börn og ungmenni um réttindi sín þannig að þau skilji réttindi sín betur og eigi auðveldara með að tengja þau við daglegt líf.

- Spurningakannanir meðal barna og starfsfólks

Tilgangurinn með spurningakönnunum var m.a. að kanna þekkingu á Barnasáttmálanum og skoða þátttöku barna en könnunin var lögð fyrir börn á aldrinum 9-18 ára annars vega og starfsfólk Reykjanesbæjar hins vegar. Svörun á meðal barna var 46% en umsjónarkennarar voru hvattir til að nýta kennslustundir til að svara könnuninni. Kynjahlutfallið var nokkuð jafnt en 52% svara komu frá stúlkum, 47% frá drengjum og 1% merkti við annað kyn. Niðurstöðurnar sýndu að þörf var á aukinni fræðslu um Barnasáttmálann en 52% sögðust ekki hafa heyrt um hann og einungis 20% töldu sig get nefnt fjögur réttindi úr sáttmálanum.

Svörun á meðal starfsfólks Reykjanesbæjar var 36% og komu flest frá þeim sem vinna með börnum eða rúmlega 73%. Þegar spurt var hvort starfsfólk hafi heyrt um Barnasáttmálann svöruðu 98% svarenda já en aðeins 49% svöruðu já þegar spurt var hvort það hafi fengið fræðslu um réttindi barna og hvernig það tengist skólastarfi, frístundastarfi eða barnavernd. Aðeins 43% töldu sig hafa fengið fræðslu um ofbeldi gegn börnum og hvernig skuli bregðast við þegar grunur vaknar um að barn búi við vanrækslu/ofbeldi og sýndu niðurstöðurnar að þörf var á aukinni fræðslu, ekki einungis um Barnasáttmálann heldur einnig um ofbeldi gegn börnum og hvernig bregðast skuli við þegar grunur vaknar um að barn búi við óviðunandi aðstæður.

- Mælaborð um velferð barna

Stýrihópurinn tók þátt í þróunarvinnu fyrir mælaborð sem hefur að geyma safn mælinga úr rannsóknum á velferð og stöðu barna og ungmenna.

- Ungmennaráð

Stutt könnun var lögð fyrir ungmennaráðsmeðlimi í byrjun maí 2021 en tilgangurinn var að fá innsýn inn í reynslu og upplifun fulltrúa ráðsins af starfsemi þess og þátttöku þeirra í málefnum sveitarfélagsins er varða börn og ungmenni. Í ljós kom að fulltrúar ráðsins vilja meiri fræðslu um stjórnsýsluna og að skapaður sé vettvangur þar sem öllum börnum og ungmennum í sveitarfélaginu er gefið tækifæri til að hafa áhrif. Ungmennaráð stóð fyrir ungmennapingi.

Þess má geta að það var samþykkt í bæjarstjórn 15. febrúar 2022 að setja af stað verkefnið áheyrnafulltrúar ungmennaráðs.

- Samtal við sérfræðihópa barna

Niðurstöður ungmennapings Reykjanesbæjar sýndu að ungmenni voru með áhyggjur af börnum með fatlanir og börnum af erlendum uppruna og þá sérstaklega að því að þessi hópur barna væri einangraður. Ákveðið var því að kalla eftir börnum úr þessum hópi til þess að taka þátt í umræðufundi. Rýnihóparnir með börn af erlendum uppruna urðu þrír og voru hóparnir samhljóma um að það mætti fjölga félagsmiðstöðvum, þ.e. ekki bjóða aðeins upp á eina miðstöð í sveitarfélaginu. Aðeins einn rýnihópur myndaðist með börnum með stuðningsþarfir. Helstu niðurstöður þeirra voru að það mætti vera meira framboð af afþreyingu fyrir þau.

- Ungmennaping 2021

Þann 7. Október 2021 stóð ungmennaráð Reykjanesbæjar og starfsfólk 88 hússins og Fjörheima fyrir ungmennapingi. Þingið var haldið í 88 húsinu og sóttu nemendur í 8. – 10. bekk frá öllum grunnskólum Reykjanesbæjar. Til stóð að þingið yrði haldið í Hljómahöll og með fleiri þátttakendum en sökum Covid og heimsfaraldursins varð að takmarka fjölda þátttakenda.

Fyrir þingið var kallað eftir hugmyndum frá ungmennum á aldrinum 11-18 ára. Um 100 börn tóku þátt og voru niðurstöðurnar til frekari umræðu á þinginu.

Á þinginu var óskað eftir skoðunum ungmenna á ýmsum málum er varða hag þeirra og annarra barna og ungmenna í sveitarfélaginu, m.a. hvort jöfn tækifæri séu fyrir þau í skólanum, íþróttum og tómstundum, hvað þeim finnst um umhverfið, samgöngumál og forvarnir svo eitthvað sé nefnt. Umræður voru teknar saman og flokkaðar niður:

Skólamal	Íþróttir, tómsundurir og félagsmal	Umhverfis- og samgöngumál	Forvarnir og fræðsla
<p>* Vinnuaðstaða: Að skólar hefjist á sama tíma. Þægilegri stóla, bekkji, sófa o.fl.</p> <p>* Lata setja upp skólahreytibraut við fleiri skóla.</p> <p>* Trúnaðarmenn nemenda í öllum skólum.</p> <p>Auðveldar börnum og ungmennum að koma ábendingum og hugmyndum á framfæri.</p> <p>* Kennsla eða fræðsla í fjármálalæsi.</p> <p>* Kennsla eða fræðsla í t.d. fjölmenningu, skyndihjálp og táknmáli.</p> <p>* Meira um list- og verkgreinar.</p> <p>* Hafa val um skólasund á efsta stigi. Hafa kynjaskipt í sundi en ekki í íþróttum.</p> <p>* Fá sjálfসা í alla skóla.</p> <p>* Bæta aðstöðu á lóðum grunnskóla. Fleiri leiktæki og meiri afþeygingu.</p> <p>* Hafa val um fleiri tungumál t.d. spænsku og frönsku, skoða sem valgrein.</p> <p>* Nemendur fái meiri aðstoð við heimanám.</p> <p>* Skoða hvort allir skólar geti tekið upp „Vinnustund“ eins og Akurskóli.</p> <p>* Meiri afþeygingu í frímínútum og lengri frímínútur.</p> <p>* Meiri stuðning fyrir börn af erlendum uppruna og börn með fatlanir. Samræma aðgerðir milli skóla.</p> <p>* Auka þarf viðveru skólahjúkrunarfræðings í öllum skólum.</p> <p>* Tryggja jafnt félagslíf í öllum skólum. Félagslíf mjög misjafnt á milli skóla.</p> <p>* Samráð við nemendur um kennsluefni og kennsluaðferðir.</p> <p>* Betri matur í skólana.</p> <p>* Betra Wifi.</p>	<p>* Hverfismiðstöðvar: Það vantar fleiri félagsmiðstöðvar svo að aðgengi allra sé jafnt. Vantar t.d. Félagsmiðstöð í Innri Njarðvík og á Ásbrú. Ekki allir sem hafa tök á því að fara í Fjórheima/88 húsið.</p> <p>* Fá betri kynningu á hvatagreiðslum, hvernig má nálgast þær og í hvað sé hægt að nota þær.</p> <p>* Hafa fleiri sameiginlega viðburði fyrir skólana, bæði úti og inni, eins og t.d. íþróttamót og gettu betur.</p> <p>* Hafa meiri fjölbreytileika í viðburðum. Of mikið um að þá séu bara bóll.</p> <p>* Vantar fleiri viðburði fyrir 8. - 10. bekk.</p> <p>* Fá fleiri leiktæki upp á Ásbrú.</p> <p>* Endurskoða tímatöflur íþrótt- og tómsunda þannig að þær skarist ekki.</p> <p>* Skoða hvort hægt sé að auka afþeygingu fyrir börn og ungmenntu um helgar, t.d. með því að hafa opna félagsmiðstöð.</p> <p>* Öll börn og ungmenntu fái kynningu á Ungmennaráði og hlutverki þess.</p> <p>* Stuðla að aukinni þátttöku fatlaðra barna og barna af erlendum uppruna í félagslífinu.</p> <p>* Fá betri kynningu inn í skólana á þeim íþróttum og tómsundum sem eru í boði í Reykjanesbæ.</p>	<p>* Koma á fót nýju leiðakerfi strætisvagna með sérstöku samráði við börn og ungmenntu. Strætókerfið og æfingatímar passa t.d. ekki vel saman.</p> <p>* Frítt í strætó fyrir börn og ungmenntu, að minnsta kosti á skólatíma.</p> <p>* Bæta lýsingu á ýmsum svæðum, t.d. við skólalóðir og íþróttavelli.</p> <p>* Bæta við ruslatunnum víðsvegar um bæinn og tryggja að þær séu tæmdar oft. Laga þær tannur sem þarfnast viðhalds. Vantar fleiri tannur við skólalóðir.</p> <p>* Stuðla að litríkara umhverfi, t.d. með því að mála ruslatunnur o.fl.</p> <p>* Meira um gróður á opin svæði og við skólalóðir.</p> <p>* Bæta við fleiri hjólastígum og skapa þannig meira öryggi fyrir hjólréiðafólk.</p> <p>* Fara út að tína rusl oft.</p> <p>* Laga strætóskýli sem þarfnast viðhalds.</p> <p>* Fá fleiri aparútur og ærslabelgi, t.d. í Innri Njarðvík og upp á Ásbrú. Ekkert almennilegt leiktæki á Ásbrú.</p> <p>* Vantar fleiri leiksvæði fyrir börn og ungmenntu.</p>	<p>* Auka fræðslu í skólum, t.d. kynfræðslu, fræðslu um andlega heilsu og líkamlega heilsu, ofbeldi, skaðleg áhrif vímuefna og loftslagsmál.</p> <p>* Fræðsla um mörk í kynlífi.</p> <p>* Fræða börn og ungmenntu hvert sé hægt að leita sér aðstoðar vegna andlegra veikinda. Margir sem vita t.d. ekki af hjálparsíma 1717.</p> <p>* Að boðið verði upp á opna tíma hjá sálfræðingi og/eða félagsráðgjafa 1x-2x í viku í skólum.</p> <p>* Hinsegin fræðsla í alla skóla. Fá góða kynningu á Hinsegin Plúttó.</p> <p>* Aukna kennslu um pólitik og stjórnmál, lýðræði og kosningar.</p>

Niðurstöðurnar voru notaðar til að móta aðgerðaáætlun sem var næsta skref í innleiðingahring fyrir Barnvænt sveitarfélag, fjallað er um aðgerðaáætlunina í næsta kafla.

Þess má geta að jafnvel þó að einhver atriði úr niðurstöðunum hafi ekki ratað í aðgerðaáætlunin var samt sem áður farið í framkvæmdir á ýmsum verkefnum, m.a.:

- Frítt í strætó fyrir börn og ungmenntu
- Að boðið verði upp á opna tíma hjá sálfræðingi og/eða félagsráðgjafa 1-2x í viku í skólum.
 - Að minnsta kosti tveir grunnskólar eru komnir með starfandi félagsráðgjafa.
- Hverfismiðstöðvar
 - Haustið 2024 opnaði félagsmiðstöð í grunnskólanum á Ásbrú og er það er samþykkt í fjárhagsáætlun að opna félagsmiðstöð í innri Njarðvík haustið 2025.
- Fræðsla um mörk í kynlífi
 - Frá árinu 2021 hefur verið boðið upp á fræðslu a.m.k. 1x á ári í öllum grunnskólum
- Einnig var brugðist við öðrum atriðum eins og að laga og bæta við strætóskýlum, laga lýsingu og ruslatunnur og bæta við hjólastígum.

2. Aðgerðaáætlun

Skref tvö í innleiðingu fyrir Barnvænt sveitarfélag er að setja saman aðgerðaáætlun út frá stöðumatinu. Aðgerðaáætlun Reykjanesbæjar var samþykkt í bæjarráði 24. nóvember 2022. Aðgerðaáætlunin inniheldur 16 aðgerðir sem flokka má í eftirfarandi flokka; *Raddir barna, Fræðsla, Stjórnýsla, Umhverfis- og samgöngumál, Gedheilbrigðismál, Menntun og skólinn* og að lokum *Frístundamál*. [Hér](#) má sjá aðgerðaáætlunina.

Hér fyrir neðan verður farið yfir hverja aðgerð fyrir sig, hvað í henni felst og hvernig gekk með framkvæmdina.

2.1 Framkvæmd aðgerða

Aðgerð 1

„Ungmennaping verði haldið annað hvert ár og einnig verði skoðaður samstarfsflötur við ungmennaráð nærliggjandi sveitarfélaga um að halda ungmennaráðsþing.“

Tímarammi: *Ungmennaping verði haldið árið 2023 og ungmennaráðsþings árið 2024. Eftir það verði þing haldin til skiptis annað hvert ár.*

Ungmennaráð Reykjanesbæjar, í samstarfi við Fjörheima félagsmiðstöð héldu sitt annað barna- og ungmennaping í október 2023. Alls sóttu 170 börn og ungmenni úr grunnskólum Reykjanesbæjar þingið. Málaflokkarnir sem teknir voru fyrir á þinginu voru eftirfarandi: *Menntun, tómstundir og frítími, íþróttir, andleg líðan og lýðheilsa, skipulagsmál og samgöngur* og *menning*. Fulltrúar úr hverjum málaflokki kynntu viðfangsefni hans og þau verkefni sem voru í gangi. Þátttakendum var svo skipt niður á sextán borð þar sem líflegar umræður mynduðust.

Niðurstöður frá þinginu voru teknar saman og flokkaðar niður (sjá viðauka). Fulltrúar ungmennaráðs kynntu niðurstöðurnar að lokum fyrir stýrihóp verkefnisins ásamt öllum nefndum og ráðum. Vel var tekið í kynningarnar og tók til að mynda sjálfbærni ráð saman drög að verkefnum út frá niðurstöðunum. Á fundi ráðsins 27. mars 2024 var bókað að eftirfarandi verkefni yrðu framkvæmd fljótlega:

- Fjölga útiflokkunartunnum á skólalóðum, í skruðgörðum og við Félagsmiðstöðina Fjörheima
- Fjölga tækifærum til að ungmenni geti sagt sína skoðun á umhverfismálum
- Bæta lýsingu í ungmennagarðinum og á Öllavelli, Öllavöllur er körfuboltavöllur sem var settur upp til minningar um ungan dreng sem lést ungur af slysförum. Völlurinn er fjáraflaður af ungmennum í Reykjanesbæ í Ungmennagarðinum sem stendur við Frístundamiðstöð Reykjanesbæjar við Hafnargötu 88

Næsta ungmennafing er áætlað vor 2025 en það barst ábending frá bæjarstjórn um að halda ætti þingið frekar að vori en hausti. Þannig væri hægt að tryggja að aðgerðir frá þinginu myndu ná inn í fjárhagsáætlun fyrir næsta ár á eftir.

Til stóð að haldið yrði ungmennaráðsþing árið 2024 í samvinnu við öll sveitarfélög á Suðurnesjunum; Grindavík, Suðurnesjabæ og Vogum. Lítil virkni var í ungmennaráðum þessara sveitarfélaga sem varð til þess að ekki tókst að halda þingið. Einnig má taka inn í myndina jarðhræringa og rýmingu í Grindavík sem höfðu áhrif á að ekki var haldið ungmennaráðsþing.

Þó má nefna að VSÓ ráðgjöf vinnur að nýrri sóknaráætlun fyrir Suðurnesin og hafa þau lýst yfir áhuga á að boða öll ungmennaráð á Suðurnesjunum í samtali sem mun búa til vettvang fyrir ráðin og samstarf þeirra á milli. Samráðsfundur ungmennaráða var haldinn í Merkinesi í Hljómahöll 15.nóvember 2024 þar sem fulltrúar ungmennaráðs Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar mættu og á fundinn mætti Herdís Ósk frá VSÓ Ráðgjöf og var með vinnustofu í tengslum við vinnu á nýrri sóknaráætlun sveitarfélaga á Suðurnesjum. Einnig var haldinn samráðsfundur þar sem ákveðið var að vinna nánar að því að mynda öflugann samráðsvettvang fyrir ungmenni á Suðurnesjum til að vinna saman að sameiginlegum markmiðum



Aðgerð 2

„Unnið verði að því að efla þátttöku barna í stefnumótun og ákvörðunum bæjarins og verklag mótað sem tryggir að leitað sé eftir skoðunum barna og þau upplýst, einkum þegar taka á ákvarðanir sem hafa áhrif á líf þeirra.“

Tímarammi: *Starfsfólk sem aðgerðin tekur til og fulltrúar ungmennaráðs vinni að þróun þátttökuleiða og mótun verklags fyrri hluta árs 2023. Þátttökuleiðir verði prufukeyrðar haustið 2023.*

Tekin var ákvörðun af stýrihóp Barnvæns sveitarfélags um að sameina aðgerðir nr. 2 og 9. Sjá frekari upplýsingar um framkvæmdina í kafla um [aðgerð 9](#).

Þó má nefna að tengja má ýmis verkefni hjá sveitarfélaginu við þessa aðgerð sem voru ekki beint unnin út frá henni. Sjá nánar í kaflanum um [önnur verkefni](#).



Aðgerð 3

„Hannað verði viðmót sem gerir börnum kleift að koma sínum ábendingum og tilkynningum til bæjarins um mál sem varða þau án milligöngu fullorðinna“

Tímarammi: *Viðmót þar sem börn geta komið sínum ábendingum á framfæri um málefni bæjarins og tilkynningarhnappar barnaverndar tilbúnir haustið 2023 og tekið í notkun í byrjun árs 2024*

Hér fyrir neðan má sjá samantekt á því sem var gert í tengslum við aðgerð nr. 3. Áfangar:

- Tilkynninghnapp komið fyrir í öllum spjaldtölvum í grunnskólum Reykjanesbæjar sem var með beinan hlekk á [tilkynningarform](#) á heimasíðu Reykjanesbæjar. Hver bekkur er með spjaldtölvu og vinna nemendur í þeim. Á unglíngastigi er spjaldtölva á hvern nemanda.
- Vorið 2023 var send fyrirspurn á alla skólastjóra í grunnskólum sveitarfélagsins um tilkynningarhnappa í spjaldtölvum til þess að tryggja að þeir væru til staðar. Allir grunnskólar voru búnir að setja upp hnappinn.
- Þann 1. júní 2023 var opnað fyrir nýja ábendingagátt fyrir íbúa á vef sveitarfélagsins. Um er að ræða almenna ábendingagátt sem gefur öllum tækifæri á að senda inn ábendingu og/eða fyrirspurn til sveitarfélagsins.
- [Kynningarmyndband var unnið 2023](#) og komið fyrir á heimasíðu sveitarfélagsins um haustið.
- Haustið 2023 var unnið í drögum að kynningarefni, m.a. veggspjaldi og glærुकynningu.
 - Drögin voru kynnt fyrir ungmennaráði, skólastjórum og stýrihóp Barnvæns sveitarfélags.
- Í janúar 2024 var veggspjöldum dreift í alla grunnskóla og glærुकynning send á alla deildarstjóra í grunnskólunum með beiðni um að umsjónakennarar færu yfir glærurnar með sínum umsjónabekk en þar má finna kynningu á Barnasáttmálanum, tilkynningahnappi barnaverndar, ábendingagátt Reykjanesbæjar ásamt verkefnum tengt sáttmálanum. Fulltrúi ungmennaráðs tók þátt í kynningu inn í grunnskólana.

- [Fréttatilkynning](#) sett á heimasíðu Reykjanesbæjar.
- Í desember 2024 hafa borist 12 erindi í gegnum tilkynningarhappinn *Ég er barn og hef áhyggjur* frá því að hann var tekinn í notkun.



Aðgerð 4

„Komið verði á fót ráðgjafahópum barna með fjölbreyttan bakgrunn“

Tímarammi: *Unnið verði að því að setja á fót ráðgjafahópa fyrri hluta árs 2023. Fyrstu fundir ráðgjafahópa haldnir haustið 2023.*

Verkefnahópur fyrir aðgerðina fundaði reglulega yfir tímabilið og lagði fram ýmsar tillögur en niðurstaða hópsins var að það getur verið viðkvæmt að flokka börn og ungmenni í ákveðna hópa. Hópaskipting getur ýtt undir stéttaskiptingu og taldi hópurinn vera hættu á að viðkomandi börn myndu upplifa sig ekki sem hluti af heildarhóp barna og ungmenna í Reykjanesbæ. Einnig er öflugt teymi sem vinnur með börnum með fjölbreyttan bakgrunn í Reykjanesbæ. Haft verður samband við þann hóp í undirbúning fyrir ungmennahóp 2025 og tryggt að þau börn hafi fulltrúa á þinginu með tilheyrandi stuðning.

Verkefnahópurinn taldi því skynsamlegra að tryggja t.d. breiðari hóp á ungmennahópinum. Einnig taldi hópurinn að tengja mætti aðgerðin við aðgerð nr. 1 (ungmennahóp) og aðgerð nr. 9 (Barnvænt hagsmunamat).



Aðgerð 5

„Unnið verði að því að auka þekkingu barna, starfsfólks og kjörinna fulltrúa á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna“

Aðgerðin var þríþætt:

5.1 Leik- og grunnskólar setji sér stefnu um samfellda réttindafræðslu fyrir lok árs 2023 þar sem lögð er áhersla á fræðslu fyrir bæði starfsfólk og nemendur. Samhliða réttindafræðslunni verði lögð áhersla á fjölmenningsfræðslu í leik- og grunnskólum.

Tímarammi: *Stefna um réttindafræðslu fyrir starfsfólk og nemendur tilbúin í lok árs 2023.*

Leikskólar

Óskað var eftir upplýsingum frá leikskólum Reykjanesbæjar um hvað þeir væru að gera í sambandi við réttinda- og fjölmenningsfræðslu. Eining fór verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags inn á fund með leikskólastjórum þar sem var óskað eftir fulltrúum í samráðshóp fyrir aðgerðina. Tveir leikskólastjórar buðu sig fram en það fór svo þannig að aðeins annar þeirra komst.

Í sameiningu við þann leikskólastjóra sem mætti á fund samráðshóps var ákveðið að sú áætlun sem búið var að vinna fyrir grunnskólana yrði aðlöguðu að leikskólum. Áætlunin var lögð fyrir alla leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra sem samþykktu að setja hana fyrir skólaárið 2025-2026.

Starfsþróunaráætlun vegna réttinda- og fjölmenningsfræðslu starfsfólks leikskóla 2025-2026				
Hópur	Lýsing	Tímabil	Umsjón	Tilvísun
Nýtt starfsfólk	UNICEF réttindafræðsla um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (Fróði fræðslukerfi)	Allt skólaárið	Skólastjóri	Réttindafræðsla
Allt starfsfólk	Fyrirlestur t.d. Mannflóran/UNICEF	Starfsdagur/ Fyrsta þriðjudag	Menntasvið	Réttindafræðsla / Fjölmenningsfræðsla
Allt starfsfólk	Samskiptasáttmáli á milli starfsfólks með vísan í grein úr Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna	Byrjun skólaár	Skólastjóri	Réttindafræðsla / Fjölmenningsfræðsla

Réttinda- og fjölmenningsfræðsla fyrir nemendur leikskóla 2025-2026				
Hópur	Lýsing	Tímabil	Umsjón	Tilvísun
Elsti árgangur	Sáttmáli með vísan í barnasáttmálann Hver hópur velur sér grein til þess að vinna með	Byrjun skólaár	Umsjónakennarar	Réttindafræðsla

Allir bekkir	SOS jóladagatal Stutt innslög frá öðrum löndum með fræðslu tækifæri t.d. í nestistíma	Desember	Umsjónakennarar	Fjölmenningarfræðsla
Elsti árgangur	Allir hóparvinna a.m.k eitt verkefni á heimasíðu UNICEF	Allt skólaárið	Umsjónakennarar	Réttindafræðsla

Grunnskólar

Óskað var eftir upplýsingum frá grunnskólum Reykjanesbæjar um hvað þeir væru að gera í sambandi við réttinda- og fjölmenningarfræðslu.

Einnig var óskað eftir fulltrúum til þess að mæta á samráðsfund með verkefnastjóra Barnvæns sveitarfélags. Alls komu fimm fulltrúar úr þremur grunnskólum.

Afrakstur samráðsins er eftirfarandi áætlun sem var lögð til samþykktar hjá grunnskólum á sameiginlegum fundi 9. október 2024. Áætlunin mun fara inn í starfsþróunarkafla grunnskólana í starfsætlun fyrir 2025.

Starfsþróunaráætlun vegna réttinda- og fjölmenningarfræðslu starfsfólks grunnskóla 2025-2026				
Hópur	Lýsing	Tímabil	Umsjón	Tilvísun
Nýtt starfsfólk	UNICEF réttindafræðsla um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (Fróði fræðslukerfi)	Allt skólaárið	Skólastjóri	Réttindafræðsla
Allt starfsfólk	Fyrirlestur t.d. Mannflóran/UNICEF	Starfsdagur	Menntasvið	Réttindafræðsla / Fjölmenningarfræðsla
Allt starfsfólk	Samskiptasáttmáli á milli starfsfólks með vísan í grein úr Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna	Byrjun skólaár	Skólastjóri	Réttindafræðsla / Fjölmenningarfræðsla

Réttinda- og fjölmenningarfræðsla fyrir nemendur grunnskóla 2025-2026				
Hópur	Lýsing	Tímabil	Umsjón	Tilvísun
Allir bekkir	Bekkjasáttmáli með vísan í barnasáttmálann, Hver bekkur velur sér grein til þess að vinna með	Byrjun skólaár	Umsjónakennarar	Réttindafræðsla
Allir bekkir	SOS jóladagatal Stutt innslög frá öðrum löndum með fræðslu tækifæri t.d. í nestistíma	Desember	Umsjónakennarar	Fjölmenningarfræðsla
Allir bekkir	Allir bekkir vinna a.m.k eitt verkefni á heimasíðu UNICEF	Allt skólaárið	Umsjónakennarar	Réttindafræðsla


5.2 Starfsfólk og kjörnir fulltrúar fá fræðslu um Barnasáttmálann og réttindi barna í gegnum rafrænan fræðsluvettvang UNICEF á Íslandi.

Tímarammi: Starfsfólk og kjörnir fulltrúar hafi lokið námskeiðunum á rafrænum fræðsluvettvangi UNICEF vorið 2023.

Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags fór með kynningu á UNICEF akademíunni inni í helstu teymi þar sem mælt var með því að starfshópar myndu horfa saman á fræðsluna. Ágætt þátttaka fékkst eða um 70% starfsfólks og kjörna fulltrúa.

Starfsfólk var sammála um að það fékk meira út úr fræðslunni með því að horfa á hana með samstarfsfólki sínu en við það mynduðust góðar umræður.

Hér fyrir neðan má sjá tölfræði yfir þátttökuna.



Haustið 2024 var tekin ákvörðun um fara í vinnu á stefnu fyrir innri fræðslu fyrir allt starfsfólk Reykjanesbæjar þar sem engin samskonar stefna var til staðar hjá sveitarfélaginu. Í framhaldi af því að á að útbúa fræðsluáætlanir og mun Barnasáttmálinn verða hluti af grunnfræðslu sem allt starfsfólk sveitarfélagsins mun heyra undir.

5.3 Efni um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna verði sett inn á vef bæjarins. Á síðunni verði einnig að finna fréttasafn um verkefni í bænum sem tengjast sáttmálanum og hagnýtt efni um réttindi barna.

Tímarammi: Vinnunni verði lokið vorið 2023.

[Sér síða](#) var sett upp á heimasíðu sveitarfélagsins með upplýsingum um Barnasáttmálann, innleiðinguna og verkefni tengt því hjá Reykjanesbæ.



Aðgerð 6

„Efla fræðslu um mikilvægi tilkynninga til barnaverndar og viðbrögð þegar grunur vaknar um ofbeldi og/eða vanrækslu gangvart barni eða þegar barn stundar áhættuhegðun. Einnig verði unnið að því að fræða börn um hvert þau geti leitað sér hjálpar.“

Tímarammi: Fræðsluáætlun verði unnin á árinu 2023. Verkefnið er viðvarandi.

Undirbúningur hófst árið 2023 með fundum verkefnastjóra Barnvæns sveitarfélags og teymisstjórum barna- og fjölskylduteymis og barnaverndar.

Ýmis verkefni voru í bígerð og/eða nú þegar í framkvæmd eftir að stöðumatíð var framkvæmt. Þar á meðal má nefna að starfsfólk barnaverndar fer alla jafna inn í alla leik- og grunnskóla að hausti með fræðslu og eru með auglýsta viðveru í hverjum skóla. Þar gefst starfsfólki og nemendum tækifæri til að tala beint við starfsfólk barnaverndarþjónustu. Unnið var að innleiðingu á farsældarlögum sem tryggja samþætta þjónustu fyrir börn og fjölskyldur. Starfsfólk barna- og fjölskylduteymis fékk sæti á fundum nemendaverndarráðs í grunnskólum haustið 2022 sem færir starfsfólkið nær börnum og ungmönnum. Fundarsetan gefur tækifæri á fræðslu til starfsfólks þar sem ráðgjafarnir eru með í umræðunni þegar ákveða þarf hvort nauðsynlegt sé að tilkynna til barnaverndar.

Teymistjóri barna- og fjölskylduteymis hefur unnið að fræðsluefni fyrir tengiliða farsældarinnar í skólunum. Fræðsluefnið fór í prufukeyrslu haustið 2024 og sett í kjölfarið inn í Fróða, fræðslukerfi Reykjanesbæjar.

Jafnframt má nefna að það kom fram á fundi með Barna- og fjölskyldustofu, vegna samþættingarinnar að þau væri að fara í samstarf við UNICEF við gerð á

handbók um samþættinguna. Sú vinna átti að fara fram samhliða vinnu við gerð á nýrri handbókar um barnvæn sveitarfélög.

Tekin var ákvörðun um að kynningarefni barnaverndar, sem notast er við í fræðsluerindum þeirra inn í leik- og grunnskólana, yrði sett inn í Fróða og að það yrði hluti af fræðsluáætluninni.

Starfsþróunaráætlun var unnin í samvinnu við teymisstjóra barnaverndar og barna- og fjölskylduteymis ásamt leik- og grunnskólastjórum og forstöðumanni íþróttamannvirkja. Hluti af áætluninni er eiginlega fræðsla en annað eru atriði sem gefa tækifæri á fræðslu með samtölum.

Starfsþróunaráætlun fyrir leik- og grunnskóla um barnavernd og samþætta þjónustu				
Hópur	Lýsing	Tímabil	Umsjón	Tilvísun
Nýtt starfsfólk	Fræðsla um barnavernd inn í Fróða fræðslukerfi	Allt skólaárið	Leik- eða grunnskólastjóri	Barnavernd
Nýtt starfsfólk	Fræðsla um samþætta þjónustu	Allt skólaárið	Leik- eða grunnskólastjóri	Samþætt þjónusta (Farsældin)
Allt starfsfólk	Starfsfólk barnaverndar fer inn í alla leik- og grunnskóla með kynningu	a.m.k. 1x yfir skólaár	Leik- eða grunnskólastjóri og teymisstjóri barnaverndar	Barnavernd
Nemendaverndaráð	Starfsfólk barna- og fjölskylduteymis og barnaverndar sitja fundi nemendaverndarráðs	Allt skólaárið	Teymistjórar barna- og fjölskylduteymis og barnaverndar	Barnavernd / Samþætt þjónusta (Farsældarlög)
Allt starfsfólk	Barnavernd er með auglýsta viðveru í hverjum grunnskóla, alla jafna 1x í viku.	Allt skólaárið	Leik- eða grunnskólastjóri i og teymisstjóri barnaverndar	Barnavernd

Starfsþróunaráætlun fyrir íþrótt- og tómskundamannvirki um barnavernd og samþætta þjónustu				
Hópur	Lýsing	Tímabil	Umsjón	Tilvísun
Nýtt starfsfólk	Fræðsla um barnavernd inn í Fróða fræðslukerfi	Starfsdagur 1x á ári	Stjórnandi	Barnavernd
Nýtt starfsfólk	Fræðsla um samþætta þjónustu	Starfsdagur 1x á ári	Stjórnandi	Samþætt þjónusta (Farsældin)

Teymistjóri Barnaverndar heldur utan um kynningar inn í leik- og grunnskólana og heldur verkefnastjóra Barnavæns sveitarfélags upplýstum.



Aðgerð 7

„Yfirfara stefnur og áætlanir bæjarins m.t.t. réttinda barna“

Tímarammi: *Yfirferð á stefnum og áætlunum fari fram árið 2023*

Reykjanesbær hefur sett sér stefnur fyrir hin ýmsu málaflokka og til stóð að yfirferðin þeim yrði framkvæmd af ungmennaráðinu yfir sumartímamann með vinnustofum.

Að lokum var ákveðið að aðgerðin yrði tekin framkvæmd samhliða aðgerð nr. 16 sem leggur til Frístundastefnu. Stefnt er að því að frístundastefna verði gefin út árið 2025.



Aðgerð 8

„Mótun mannréttindastefnu“


Tímarammi: *Mannréttindastefna unnin á árinu 2023*

Undirbúningur fyrir mótun mannréttindastefnu hófst á árinu 2023. Verkefnahópur átti m.a. fund með Mannréttindastofnun í maí 2023 þar sem hópurinn fékk góða kynningu á hvað mannréttindi eru og hverju þarf að huga að við mótun á slíkri stefnu. Ákveðið var að halda opinn vinnufund þar sem öll þau sem hefðu áhuga, gætu tekið þátt í vinnunni. Stýrihópur Barnvæns sveitarfélags var boðaður á fundinn en einnig var sérstaklega leitast eftir fulltrúum frá ýmsum nefndum og ráðum og stofnunum, m.a. Rauða krossinum og Heimskonum

Opinn vinnufundur var haldinn í Hljómahöll 30. apríl 2024 og var hann auglýstur á heimasíðu Reykjanesbæjar og samfélagsmiðlum með góðum fyrirvara.

Dagskrá fundarins innihélt kynningu á Reykjanesbæ sem samfélag þar sem rýnt var í tölfræði yfir uppruna og aldur íbúa sveitarfélagsins. Mikil fólksfjölgun hefur verið seinustu ár í Reykjanesbæ en í apríl 2024 var íbúafjöldi 23.388. Þar af er 33,4% með erlent ríkisfang og meirihluti á aldrinum 25-39 ára. Einnig var farið yfir helstu stefnur Reykjanesbæjar, Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna ásamt því að kynna Barnasáttmálann. Að lokum var stutt yfirferð og spurningunni *Hvað er virðing/vanvirðing?* varpað fram. Þar á eftir var farið í tvær vinnustofur þar sem þátttakendum var skipt í hópa og þau beðin um ræða sín á milli annars vegar *Hvað eru mannréttindi* og hins vegar að hverju þarf sérstaklega að huga varðandi eftirfarandi þætti: *Jafnrétti kynja, kynhneigð/kynvitund/kyntjáning/kyneinkenni, aldur, fötlun, trú og lífsskoðun og uppruni og þjóðerni.*

Að lokum voru sameiginlegar umræður í salnum og helstu niðurstöður teknar saman.



Verkefnahópur vann úr niðurstöðunum frá opna vinnufundinum og mótaði mannréttindastefnu Reykjanesbæjar ásamt aðgerðaáætlun.

Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags kynnti drög að mannréttindastefnunni og aðgerðaáætlun í bæjarráði haustið 2024. Í kjölfarið á því fór stefnan í umræðu inn í allar nefndir og ráð. Þrjú ráð komu með athugasemdir sem voru teknar áfram inn í bæjarráð þar sem var ákveðið hvað ætti að taka tillit til núna og hvað yrði framkvæmt við endurskoðun á stefnunni. Einnig tók Ungmennaráð Reykjanesbæjar stefnuna fyrir og voru engar athugasemdir gerðar við hana og hún því samþykkt af ungmennaráði á fundi ráðsins 5.nóvember 2024.

Stefnan og aðgerðaáætlun fór í fyrstu umræðu hjá bæjastjórn 3. desember og aðra umræðu 17. desember þar sem hún var samþykkt og gefin út, sjá má stefnuna [hér](#).



Aðgerð 9

„Stigin verði fyrstu skrefin í átt að því að innleiða barnvænt hagsmunamat inn í verklag allrar stjórnarsýslunnar.“

Tímarammi: Verkefnishópur útfæri hugmyndir að því hvers konar ákvarðanir þurfi að fara í gegnum barnvænt hagsmunamat og hvað það felur í sér. Fyrstu hugmyndir kynntar haustið 2023 og unnið að nánari útfærslum í framhaldinu.

Tekin var ákvörðun á fundi stýrihópsins að sameina aðgerð 2 og 9 þar sem þær haldast vel í hendur, annars vegar að efla þátttöku barna í stefnumótun og barnvænt hagsmunamat hins vegar sem á einmitt að tryggja þátttöku barna í stefnumótun og hinum ýmsu málefnum.

Undirbúningur hófst haustið 2023 og náði sú vinna yfir á nýtt ár. Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags fór inn á fund bæjarráðs þar sem aðgerðin var kynnt og óskað var eftir tillögum að næstu skrefum. Tekin var ákvörðun að hagsmunamatið yrði prufukeyrt í menntaráði og umhverfis- og skipulagsráði. Einnig var haft samband við önnur sveitarfélög sem voru að vinna í barnavænu hagsmunamati og óskað var eftir upplýsingum um framkvæmdina hjá þeim. Í kjölfarið var verklag mótað í samvinnu við tengilið barna og starfsfólk ráðanna.

Haldinn var stöðufundur í júní 2024 þar sem ráðin tvö deildu sinni reynslu og upplifun af því að styðjast við hagsmunamatið. Starfsfólk ráðanna var sammála um að ávinningurinn af því að vera með hagsmunamatið væri ekki að skila sér til barna og ungmenna. Ýmsir þættir spila þar inn í og má meðal annars nefna að það getur verið tímafrekt og flókið að vinna hagsmunamatið samhliða fundadagskrárgerð. Einnig var skoðað var hvort starfsfólk skjaladeildar, sem sendir út fundardagskrá, ætti að forvinna hagsmunamatið og senda með dagskránni,

Verkefnahópurinn skoðaði möguleikann á að breyta hagsmunamatinu í svo kallaða kaffihúsafundi, rétt eins og umhverfis og framkvæmdasvið hefur gert tvisvar sinnum með ungmennaráði.

Verkefnahópur aðgerðarinnar er sammála um að ákveðin hugarfarsbreyting hefur orðið í stjórnarsýslunni og má sjá meira beint samráð en áður var, þó það vissulega mætti vera meira. Að lokum var niðurstaðan sú að hagsmunamat henti ekki inn í



starfsemi og fundi ráðanna. Hópurinn var sammála um að tengiliður barna í samvinnu við ungmennaráðið ætti að vera með aðhald fyrir ráðin og nefndirnar. Ungmennaráð fundar reglulega þar sem er tækifæri til að hafa á dagskrá hjá þeim að rýna fundargerðir og vekja athygli við nefndir og ráð ef það eru einhver ákveðin mál sem ættu að vera tekin fyrir í samráði við börn og ungmenni.

Skoða þarf betur hvernig best sé að útfæra barnvænt hagsmunamat og þá með nýútgefnar leiðbeiningar frá UNICEF til hliðsjónar en þær voru gefnar út í júní 2024.

Aðgerð 10

„Skoðað verði hvort sveitarfélagið ætli að innleiða barnamiðaða fjárhagsáætlun (e. Child friendly budgeting)“

Tímarammi: *Málið skoðað á árinu 2023 og ákveðið í framhaldinu hvort barnamiðuð fjárhagsáætlun verði innleidd.*

Bæjarstjóri Reykjanesbæjar, fjármálastjóri og verkefnastjóri barnvæns sveitarfélags sátu fundi og tóku þátt í vinnu með ráðgjafahópi um fjármál í Barnvænu sveitarfélagi á vegum UNICEF þar sem unnið var að leiðarvísunum um barnamiðaða fjárhagsáætlun fyrir sveitarfélög.

Að þessu sinni var tekin ákvörðun um að framlag Reykjanesbæjar varðandi barnamiðaða fjárhagsáætlun yrði með þátttöku í ráðgjafahópnum.



Aðgerð 11

„Tengiliður barna“

Tímarammi: *Undirbúningur hefjist á árinu 2023 fyrir ráðningu starfsmanns tengiliðs barna í Reykjanesbæ*

Undirbúningur fyrir fjárhagsáætlun 2024 hófst haustið 2023 og óskaði verkefnastjóri eftir fjármagni sem nýta átti í aðgerð númer 11. Beiðnin var samþykkt og undirbúningur við að ráða í 50% stöðu tengiliðs barna hófst. Tekin var ákvörðun um að starfsmaður ungmennaráðs yrði ráðinn í stöðuna frá og með 1. janúar 2024.

Aðgerð 12

„Öll svið Reykjanesbæjar tilnefni réttindafulltrúa“

Tímarammi: *Búið verði að skipa réttindafulltrúa vorið 2023 og helstu verkefnum og ábyrgð réttindafulltrúa komið fyrir í starfslýsingu*

Tekin var ákvörðun um að það starfsfólk sem tekur sæti í stýrihóp fyrir verkefnið yrðu skilgreindir réttindafulltrúar.

Í staðin fyrir að skilgreina hlutverk þeirra í starfslýsingum var tekin ákvörðun um að öll þau sem taka sæti í stýrihóp fái sérstaka kynningu og/eða fræðslu um hlutverk sitt sem réttindafulltrúar.



Aðgerð 13

„Settur verði á fót samráðshóp um umhverfis- og samgöngumál í sveitarfélaginu, m.a. skipaður af börnum og ungmennum“

Tímarammi: *Samráðshópur settur á fót vorið 2023. Aðgerðin er viðvarandi.*

Helstu hagsmunaaðilar sátu samráðsfund, þ.e. samgöngustofa, vegagerðin, lögregla, fulltrúar eldri borgara, fulltrúar frá umhverfis- og skipulagsráði, sviðstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, fulltrúar leik- og grunnskóla og ungmennaráði þar sem unnið var að umferðaröryggisáætlun.

Þegar drög voru komin að áætlun og aðgerðalista var hún send til yfirlstrar og staðfestingar hjá samráðshópnum, m.a. ungmennaráði. Umferðaröryggisáætlun hefur nú verið samþykkt af umhverfis- og skipulagsráði, og bíður staðfestingar bæjarstjórnar.



Varðandi almenningssamgöngur: Þar sem í gildi er samningur við rekstraraðila um leiðarkerfi almenningsvagna og um er að ræða pólitíska ákvörðun um aukið fjármagn hefur samráð ekki hafist formlega. Sú ákvörðun var tekin svo hægt sé að tryggja að hægt verði að verða við þeim beiðnum og ábendingum sem börn og ungmenni koma með.



Aðgerð 14

„Settur verði á fót verkefnishópur sem hefur það hlutverk að setja fram tillögur um lágþröskulda ráðgjafarþjónustu í sveitarfélaginu fyrir börn og ungmenni 16 ára og eldri.“

Tímarammi: *Verkefnishópur skilar tillögum fyrir fjárhagsáætlun 2024*

Forstöðumaður Bjargarinnar og forstöðumaður Fjörheima og 88 hússins fóru í undirbúningsvinnu árið 2023. Til stóð að fara í framkvæmdir á húsi Fjörheima og 88 hússins, m.a. að setja lyftu og útbúa fundarherbergi. Þessar framkvæmdir frestuðust fram yfir á árið 2024 og því var ekki grundvöllur til þess að halda áfram með undirbúninginn fyrr en aðstæður væru tilbúnar. Mikilvægt er að til staðar sé lyfta í húsinu svo þjónustan sé aðgengileg þeim sem vilja og þurfa á henni að halda. Einnig er mikilvægt að viðtalsherbergið sé vel útbúið, t.d. með góðri hljóðeinangrun.

Verkefnishópur telur að mikilvægt sé að halda áfram með undirbúninginn en setja þarf skýra verkferla og reglur varðandi aldur þeirra sem geta leitað sér ráðgjafar ásamt því að það komi skýrt fram til þeirra sem nýta sér þjónustuna að ef í viðtölum kemur eitthvað fram sem er tilkynningarskylt til barnaverndar að þá beri ráðgjöfum lagaleg skylda til að tilkynna.

Verkefnahópur hóf undirbúning að nýju haustið 2024 og var ákveðið að heimsækja Bergið Headspace í nóvember en þá voru framkvæmdum lokið og húsnæðið orðið tilbúið fyrir aðgerina. Samkvæmt tölfræði Bergsins eru rúmlega 50 ungmenni sem hafa leitað í þjónustu Bergsins á síðustu 5 árum sem sýnir fram á mikilvægi þess að boðið sé upp á samskonar þjónustu.

Í framhaldi af heimsókninni var ákveðið að framkvæmdastjóri Bergsins myndi vinna kostnaðaráætlun fyrir Reykjanesbæ og er von á henni fljótlega á nýju ári 2025. Hugmyndir eru á lofti um að sækja um styrki fyrir þeirri upphæð ásamt því

að fá stuðning frá sveitarfélögum á Suðurnesjunum. Stefnt er að því að fara af stað með verkefnið að fullu í byrjun ársins 2025.

Hér fyrir neðan má sjá þau markmið sem verkefnahópur hefur sett fram:

- Hefja samstarf með Bergið Heaspace
 - Kostur að geta nýtt fyrirmynd að þjónustu frá þeim
- Miða við aldurshópin 13-18 ára til að byrja með
- Þjóða upp á einn dag í viku
- Þjóða upp á bæði opna tíma sem og bókaða tíma



Aðgerð 15

„Unnið verði að reglum og verklagi fyrir skóla- og nemendaráð og tryggt að börn sem eiga sæti í ráðunum fái fræðslu um ráðin og hlutverk sitt. Einnig að tryggt verði að til staðar sé starfsfólk sem aðstoðar fulltrúa í ráðunum eftir þörfum.“

Tímarammi: *Reglur verði tilbúnar fyrir haustið 2023, börn fái fræðslu í upphafi hvers skólaárs og búið verði að velja starfsmann í hverjum skóla sem hefur umsjón með starfsemi ráðsins.*

Haustið 2023 voru drög unnin og þau sett fyrir til umræðu á barna- og ungmennabæingi sama ár þar sem góðar ábendingar bárust en ekki tókst að klára loka skjal og hélt því vinnan áfram yfir á árið 2024.

Haustið 2024 voru fulltrúar nemendafélaganna boðaðir á sameiginlegan fund ásamt starfsmanni ungmennaráðsins og tengilið barna. Góðar umræður mynduðust og voru fulltrúarnir sammála um að það væri gott að fá tækifæri til að bera saman bækur sínar. Drögin sem voru gerð haustið 2023 voru kynnt og unnin áfram með fulltrúunum.

Haustið 2024 var ákveðið á menntasviði að úthluta fjármagni fyrir félagsstörf út frá nemendafjölda. Er þetta gert í fyrsta skipti en með þessu er verið að tryggja að jafnræði sé gætt á milli skólanna. Einnig má nefna að vinna er í gangi hjá menntasviði að útbúa ítarlegra líkan fyrir úthlutun fjármagns til grunnskóla Reykjanesbæjar í þennan málaflokk sem og aðra. Markmiðið er að litið sé til jöfnunar við úthlutun fjármagns til grunnskóla.

Loka drög voru kynnt fyrir skólastjórum á sameiginlegum fundi í desember 2024 þar sem reglurnar voru samþykktar og gefnar út í gæðahandbók sveitarfélagsins. Reglurnar leggja áherslu á að allir nemendur sem taka sæti í nemendafélögum grunnskólanna fái góða fræðslu um hlutverk sitt og ábyrgð.



Aðgerð 16

„Frístundastefna unnin. Í aðgerðinni felst að settur verði á fót verkefnishópur sem hefur það hlutverk að sinna rannsóknavinnu og þarfagreiningu á frístundastarfi íbúa í Reykjanesbæ. Í framhaldinu vinnur verkefnishópur frístundastefnu ásamt því að leggja til aðgerðaáætlun til 5 ára.“

Tímarammi: Frístundastefna og aðgerðaáætlun 2025-2030 tilbúin til kynningar og umsagnar í lok árs 2024.

Til stóð að ráða inn starfskraft til þess að vinna m.a. að frístundastefnu Reykjanesbæjar. Auglýst var í starfið en hætt var við ráðningu þar sem ekki bárust fullnægjandi umsóknir.

Að lokum var ákveðið haustið 2024 að mynda stýrihóp utan um verkefnið og vinna í samstarfi við tengiliður barna sem vinnur það sem hluta af námi sínu. Einnig var ákveðið að unnið yrði að aðgerð nr. 7 samhliða frístundastefnunni.

Stefnt er að því að stefnan og yfirferðin á stefnunum verði lokið á árinu 2025.



3. Önnur verkefni

Sveitarfélagið hefur unnið að margvíslegum öðrum verkefnum sem tengja má við Barnasáttmálann sem ekki voru í beinum tengslum við aðgerðaáætlunina. Til marks um hversu sterkt hugarfarið hefur fest sig í sessi í stjórnsýslunni verður stiklað á stóru í þessum kafla um þessi ótengdu verkefni. Ekki er um tæmandi lista að ræða og mörg önnur verkefni sem hafa verið unnin og markað sitt spor á verkefnið *Barnvænt sveitarfélag*.

Verkefni hjá ungmennaráði

- Vinnustofa með UNICEF um barnvæna fjárhagsáætlun þar sem voru prófaðar æfingar sem UNICEF var að vinna í. Boðið var upp á stutta kynningu um fjármál sveitarfélaganna, a og b hluta. Ungmennaráðið átti að setja sig í spor sveitarfélaga þar sem þau fengu x margar kr. og áttu að ráðstafa fjármagninu í ákveðna flokka. Ákveðnar kvaðir voru settar með tilliti til laga og reglugerða.
- Loftlagstengdur fundur í Hörpu.
- 25 og 24 nóvember var norræna ungmennaráðsstefnan, Nordic Youth Summit á vegum Samfés.
- Fundir ungmennaráðs með bæjarstjórn Reykjanesbæjar á vorin og haustin á hverju ári. Ungmennaráð fundar með bæjarstjórn tvisvar á ári og hafa fundirnir orðið skilvirkari með tilkomu Barnvæns sveitarfélags. Starfsmaður hefur haft meiri tíma til að undirbúa með ráðinu fyrir hvern fundi og auk þess hafa barna og ungmennabíngin 2021 og 2023 hjálpað meðlimum ráðsins að finna málefni sem þau vilja koma betur á framfæri við bæjarstjórn.
- Ungmennaráð var með kynningu á niðurstöðum ungmennabíngs fyrir stýrihóp Barnvæns sveitarfélags og allar nefndir og ráð. Bæklingur með niðurstöðunum kynntur og dreift áfram, m.a. tók Lýðheilsuráð bæklinginn og rýndi hvaða verkefni má ráðast í strax og kynnti það fyrir ungmennaráði.
- Verkefni Reykjanesbæjar að vera með áheyrnarfulltrúa ungmenna í öllum fagráðum og nefndum. Verkefnið var sett á laggirnar að frumkvæði bæjarstjóra Reykjanesbæjar haustið 2022 og hefur verið á tilraunaverkefni síðan þá. Verkefnið hefur gengið mjög vel og hafa áheyrnarfulltrúar fengið fjölmörg tækifæri til þess að koma inn með mál á nefndarfundi og fengið góða áheyrn. Áheyrnarfulltrúarnir sem hófu verkefnið haustið 2022 hafa nú lokið störfum og hafa nýir fulltrúar tekið við. Almenn ánægja er hjá þeim ungmennum sem hafa gengt þessu hlutverki og komið þeim á óvart hversu mörg mál hjá ráðum og nefndum tengjast hagsmunum barna í sveitarfélaginu. Þá hafa einstaka nefndir og ráð tekið föstum höndum utan um verkefnið og breytt fundartímum og uppsetningu funda sinna til að koma betur á móti áheyrnarfulltrúunum. Nú er unnið að því í samráði við ungmennaráð, fagråd og nefndir að festa í sessi þetta verkefni og mynda utan um það verklag til að verkefnið gangi á sem besta máta.

Allir með

Reykjanesbær hleypti af stökkunum viðamiklu samfélagsverkefni undir heitinu *Allir með!* í september 2020.

Allir með! stuðlar að jöfnum tækifærum barna til þess að tilheyra samfélaginu. Lagt er upp með að öll börn séu í skipulögðu íþrótta- og tómsundastarfi og að allir sem starfa með börnum vinni að vellíðan þeirra með skipulögðum hætti.

Tengja má verkefnið við aðgerð nr. 16 í aðgerðaáætluninni um frístundamál. Verkefnið var valið fyrirmyndaverkefni UNICEF árið 2023.

Menningarhátíðir

17. júní 2024

Í fyrsta sinn var dagskrá þjóðhátíðardagsins í höndum flokkstjóra úr Vinnuskóla Reykjanesbæjar. Þau miðuðu dagskránni að yngstu kynslóðinni fyrri part dagsins og að ungmennum seinni partinn þar sem m.a. fór fram vatnsblöðrustríð og vatnsrennibrautargleði.

Ljósanótt


Ljósanótt, menningar- og fjölskylduhátíð Reykjanesbæjar, var haldin fyrst árið 2000 og var framlag sveitarfélagsins til Reykjavíkur, menningarborgar árið 2000. Reykjanesbær skapar hátíðinni umgjörð og stendur fyrir ýmsum föstum viðburðum en fjölbreytileika hátíðarinnar skapa þátttakendur sjálfir, það er íbúar og gestir sem standa fyrir viðburðum. Þátttaka almennings í viðburðahaldi hefur aukist jafnt og þétt og var í fyrsta skipti leitað sérstaklega til barna- og ungmenna árið 2023. Hugmyndakassi var settur upp í bókasafni Reykjanesbæjar þar sem óskað var eftir hugmyndum frá börnum og ungmennum. Lang flest svörin innihéldu einhvers konar hugmynd að dagskrárlíð sem hafði verið áður og var nú þegar í undirbúningi, svo sem leiktæki, hoppukastali, flugeldasýning, tónleikar og sirkus. Þó voru nokkrar hugmyndir sem voru settar í framkvæmd, má þar nefna hæfileikakeppni, söngstund og þrautir en aðrar hugmyndir var erfitt að framkvæma á hátíð eins og Ljósanótt er.

BAUN

Barna- og ungmennahátíð BAUN á sér orðið langa sögu og hefur hún tekið ýmsum breytingum á þessu tímabili. Upphafið má rekja til ársins 2006 þegar einn leikskóli í Reykjanesbæ fékk inni í Duus Safnhúsum til að halda litla listahátíð með nemendum og forráðamönnum þeirra. Segja má að sú litla hátíð hafi verið kveikjan að því að halda sérstaka listahátíð barna með þátttöku fleiri leikskóla. Árið 2019 var ákveðið að útvíkka yfirskriftina Barnahátíð í Barna- og ungmennahátíð og stækka þannig markhóp verkefnisins. Í daga taka allir leik- og grunnskólar sveitarfélagsins þátt í hátíðinni, ásamt tónlistarskólanum, dansskólanum DansKompaní og listnámsbraut Fjölbrautaskóla Suðurnesja en árið 2021 varð til nafnið BAUN, Barna- og ungmennahátíð. Stofnaður var stýrihópur um hátíðina og hefur verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags setið í stýrihópnum. Hlutverk hópsins er að vera stuðningur við verkefnið, taka þátt í hugmyndavinnu, vera umsagnaraðilar og greiða boðleið til þátttakenda í verkefninu ásamt því að tryggja upplýsingaflæði til þeirra.

Til þess að styðja við innleiðingu á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í Reykjanesbæ var ákveðið árið 2023 að óska eftir hugmyndum frá börnum varðandi hvað þau vildu hafa á dagskrá á BAUN. Leitast var eftir samstarfi við leik- og grunnskóla sveitarfélagsins og óskað var eftir því að spurningakönnun um BAUN yrði hluti af heimanámi í MENTOR og á heimasvæðum leikskólanna. Alls bárust 137 svör en hvert svar innihélt margar frábærar og fjölbreyttar hugmyndir. Að minnsta kosti 16 hugmyndir voru framkvæmdar og má þar nefna gróðursetningu á óskaBAUN (sjá nánar hér fyrir neðan), söngstund, skógarpartý, föndursmiðja, origamismiðja, leir, blöðrudýr, pop-up leikvöllur, sund, pylsupartý og fimleikasalurinn svo eitthvað sé nefnt.

Hugmyndir frá börnum voru merktar sérstaklega í dagskránni, svo kölluðu BAUNAbréfi sbr. mynd.



Skjáskot úr Baunabréfinu 2023

Vel var tekið í þá viðburði sem komu frá börnum en sem dæmi má nefna að börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra gróðursettu um 350 óskaBAUNir eða plöntur í Njarðvíkurskógum. Allir fengu miða, úr umhverfisvænum efnivið, til að skrifa niður sína ósk sem var gróðursett samhliða plöntunum. Verkefnið styður einnig við umhverfis- og loftlagsstefnu Reykjanesbæjar þar sem eitt af markmiðunum er að stuðlað verði að trjárækt á völdum stöðum til kolefnisjöfnunar, prýði og skjóls.



Verkefni á umhverfis- og framkvæmdasviði

Samstarfsverkefni umhverfis- og framkvæmdasviðs og ungmennaráðs Reykjanesbæjar

Samráðsfundur var haldinn með starfsfólki umhverfis- og framkvæmdasviðs (USK) og fulltrúum úr ungmennaráði Reykjanesbæjar haustið 2022. Markmið fundarins var að USK og ungmennaráð fengju kynningu á starfsemi hvors annars og í lokin var kaffihúsaumræða. Starfsfólk USK skiptu sér á mismunandi borð þar sem fyrir fram ákveðin málefni voru við hvert borð, þ.e. skipulagsmál,

byggingamál, umhverfismál og eignaumsýsla. Fulltrúar ungmennaráðs áttu umræður í 10 mínútur á hverju borð og starfsfólk USK rituðu þær ábendingar og málefni sem fulltrúarnir lögðu áherslu á.

Starfsfólk USK tók saman niðurstöður úr umræðunum en þær eru góðar og nytsamlegar sem USK mun geta stuðst við í verkefnum sínum. Sem dæmi má nefna að hugmyndir fyrir Hafnargötu, staðsetning tjaldsvæðis, almenningssamgöngur og umferðaröryggi.

Haldinn var annar samráðsfundur vorið 2024, þar sem mætt voru starfsfólk umhverfis- og framkvæmdasviðs, fulltrúar umhverfis- og skipulagsráðs, fulltrúar sjálfbærnisráðs og fulltrúar ungmennaráðs. Umræður þessa samráðsfundar snérist um samráð, endurgjöf, miðlun og framtíð sveitarfélagsins í umhverfis- og skipulagsmálum.

Tengja má verkefnið við aðgerð nr. 2 um að efla þátttöku barna í stefnumótun og ákvörðunum.

Samráð við börn vegna vinnu við deiliskipulag og framtíðarsýn Hafnargötu
Unnið er að nýju deiliskipulagi í hverfi Reykjanesbæjar sem grunnskólinn Myllubakkaskóli tilheyrir. Verkefnastjóri skipulagsmála hjá Reykjanesbæ ákvað að bjóða nemendum í 3. og 6. bekk í skólanum í sitthvora vettvangsferðina, haustið 2022, sjá [frétt](#). Tilgangur ferðarinnar var að skoða umhverfi við Hafnargötu, þar sem unnið er að deiliskipulagi. Nemendur fengu fræðslu og upplýsingar um skipulagsmál í ferðinni og var samtali tekið á nokkrum stöðum, s.s. á gatnamótum Hafnargötu og Skólavegar, við opið svæði við sjávarsíðu, á gatnamótum Hafnargötu og Aðalgötu og við verslanir á Hafnargötu. Að því loknu unnu nemendur verkefni með tillögum fyrir nýtt deiliskipulag og afhentu verkefnastjóra sem vann úr þeim og flokkaði. Verkefnastjóri hitti nemendur og hélt kynningu fyrir þeim eftirvinnsluna. Margar góðar og skemmtilegar hugmyndir bárust, má þar meðal annars nefna stytta af bæjarstjóranum, dótabúð, gosbrunnur, kisukaffihús, gróður, lýsing, leiksvæði, og skreytingar. Það eru sumar hugmyndir sem sveitarfélagið getur ekki tryggt eins og hvaða eða hvernig rekstraraðilar sækja um verslunarrými. Þó er hægt að setja skilmála í deiliskipulag að óskað sé eftir fjölbreyttum rekstraraðilum.

Tengja má verkefnið við aðgerð nr. 2 í aðgerðaáætluninni um að efla þátttöku barna í stefnumótun og ákvörðunum.

Verkefni hjá Leikskólum

Leikskólar Reykjanesbæjar hafa unnið gott starf við innleiðingu á Barnasáttmálanum en nálgast þarf þann nemendahóp á annan hátt en í grunnskólum þar sem um yngri barnahóp er að ræða. Hér eru nokkur dæmi um hvernig skólarnir hafa unnið með Barnasáttmálann seinustu ár.

Barnþing Skógarás

Leikskólinn Skógarás setti upp Barnþing þar sem allir nemendur á elstu deild leikskólans fengu að tjá skoðanir sínar og tilfinningar. Markmiðið var að fá börnin til að mynda sínar eigin skoðanir, tjá tilfinningar sem þau upplifa bæði í leikskólanum og heiman frá. Starfsfólk var sammála um að þau fengu að kynna nemendahópnum enn betur og þau fengu upplýsingar um hvað þau geta gert til þess að bæta starfið.

Börn ákveða jólagjafir til forráðamanna

Leikskólinn Heiðarsels ákvað haustið 2023 að leggja sérstaka áherslu á það að nemendahópurinn fengi tækifæri á að ákveða hvað þau myndi útbúa sem jólagjöf til foreldra sinna.

Dagur mannréttinda barna

Heilsuleikskólinn Skógarás fagnaði sérstaklega alþjóðlegum degi mannréttinda barna, sjá [frétt](#).

4. Innleiðing verkefnisins Barnvæn sveitarfélög – reynsla í Reykjanesbæjar

4.1 Hvaða áhrif hafði innleiðingin (urðu varanlegar breytingar á einhverjum þáttum í starfsemi sveitarfélagsins, hvað heppnaðist vel og hvað illa)?

- Stuðlaði verkefnið að barnvænni stjórnsýslu eða nálgun við málefni innan sveitarfélagsins og þvert á svið þess? Hvernig heppnaðist að innleiða verkefnið með heildrænum hætti innan sveitarfélagsins?
- Hvað telja ólíkir aðilar innan sveitarfélagsins hafa heppnast vel og hvað illa? (ræðið sérstaklega við meðlimi stýrihóps og ungmennaráð).

Stýrihópur verkefnisins er sammála um að mikil breyting hefur átt sér stað frá því að verkefnið hófst. Breytingin á við um stjórnsýsluna í heild sinni og einskorðast ekki við eitthvað eitt ákveðið svið. Flest ef ekki allt starfsfólk Reykjanesbæjar er orðið meðvitað um mikilvægi þess að tryggja börnum og ungmennum sæti við borðið. Einnig er starfsfólk nefnda og ráða orðið meira meðvitað um að útskýra þarf fyrir áheyrnafulltrúum á einfaldara máli heldur en stjórnsýslan notar, t.d. hvað er deiliskipulag. Sérstök umræða var þó um umhverfis- og skipulagssvið (USK) sem tók sérstaklega vel utan um verkefnið. Segja má að USK sé ekki beint með verkefni og/eða menningu sem hugar að röddum barna og var því ánægjulegt að sjá hugarfarsbreytinguna hjá þeim.

Mikil óbein áhrif hafa orðið í stjórnsýslunni og er það orðið eðlilegt í dag að bjóða börnum og ungmennum með í samtalið. Eins má nefna þegar formenn nefnda og ráða tóku niður punkta á sameiginlegum fundi bæjarstjórnar með ungmennaráði. Punktarnir voru svo nýttir til þess að skoða hvernig nefndirnar og ráðin geta tekið málefnið áfram.

Stýrihópurinn var sammála um að áheyrnafulltrúar fá tækifæri til að skilja betur af hverju ákveðnir hlutir eru framkvæmdir á vissan hátt. Á sama tíma geta þeir útskýrt fyrir stjórnsýslunni af hverju framkvæmdin nái ekki árangri, útfærslan hentar mögulega ekki börnum og ungmennum, þau fengu ekki sæti við borðið.

„Ungmennaráðið heldur fullorðna fólkinu á tánun.“ – Fulltrúi úr stýrihóp Barnvæns sveitarfélags.

Landslag ungmennaráðs Reykjanesbæjar hefur breyst mikið síðan að innleiðingin hófst. Í skoðun er að taka upp skjalavistun á fundargerðum ráðsins inn í skjalakerfi sveitarfélagsins. Það myndi tryggja betra aðgengi að öllum nefndum og ráðum og umræður hjá þeim. Á meðan það er verið að skoða að færa ungmennaráðið upp á formlegra stig þarf að hafa í huga að enn eru ekki skólar eins og Framhaldsskólar samstíga þróuninni. Enn vantar upp á að nemendur fái viðeigandi leyfi og jafnvel að fulltrúar ungmennaráðs fái greitt fyrir sína vinnu. Ungmennaráðinu er úthlutað ákveðnu fjármagni á hverju ári, mögulega gætu

fulltrúar ráðsins ákveðið að nota hluta af því fjármagni í laun en það þarf að skoða betur með viðeigandi aðilum í stjórnslunni.

4.2 Hvernig meta hinir fullorðnu í stýrihópnum tækifæri barna og ungmenna til þátttöku í verkefninu?

Stýrihópurinn er sammála um að það hafi verið mörg tækifæri myndast fyrir börn og ungmenni til þátttöku í verkefninu, til að mynda í gegnum ungmennaráðið, ungmennabíngin, áheyrnafulltrúa og í gegnum ýmsar aðgerðir í aðgerðaáætluninni. Fyrir utan öllu tækifærin sem mynduðust í gegnum verkefni sem voru unnin óbeint tengt verkefninu en voru bein afleiðing af því.

„Jafnvel of mörg tækifæri fyrir ungmennaráðið að ná utan um, ákveðið lúxusvandamál.“ - Fulltrúi úr stýrihóp Barnvæns sveitarfélags.

4.3 Ræðið við ungmennaráð um upplifun þeirra af tækifærum til þátttöku í verkefninu og gerið samtalinu stuttlega skil hér.

Sjá barnaskýrsluna hér fyrir neðan.

4.4 Hvernig tóku íbúar sveitarfélagsins eftir því að innleiðing verkefnisins var í gangi?

Ýmsar fréttatilkynningar hafa birst á heimasíðu Reykjanesbæjar og samfélagsmiðlum sveitarfélagsins.

Foreldrar barna og ungmenna hafa einnig fengið sendar upplýsingar sendar þegar það hefur átt við, svo sem þegar þau tóku þátt könnuninni fyrir stöðumatið.

4.5 Hvaða lærdóm má draga af innleiðingu verkefnisins? Hverju er mikilvægt að halda til haga vegna framtíðar verkefnisins? Hvað mætti gera öðruvísi í næsta hring innleiðingarinnar, hverju þarf að halda áfram?

Reykjanesbær hefur frá upphafi tryggt að verkefnastjórnunin sé hjá ákveðnum starfsmanni. Stýrihópur verkefnisins var sammála um að það sé mikilvægt að tryggja að svo verði áfram. Með því er komið í veg fyrir að verkefnið falli á milli annarra verkefna.

Stýrihópurinn var einnig sammála um tryggja þarf að allt starfsfólk sem kemur að málefnum barna og ungmenna fái viðeigandi fræðslu, hvort sem það er UNICEF akademian eða fræðsla um barnavernd. Því meiri fræðsla því meiri líkur á hugarfarsbreytingu.

Jafnframt lagði stýrihópurinn áherslu á mikilvæg þess að tryggja að pólitískir fulltrúir fái upplýsingar oft og var umræða um barnvænt hagsmunamat og hvernig ungmennaráð getur notað það meira. Formenn nefnda og ráða þyrftu einnig að leggja meiri áherslu á að halda betur utan um áheyrnafulltrúana, tryggja að þeir fái tækifæri til að tjá skoðun sína og bjóða þá velkomna á fundi.

Að lokum var umræða hjá stýrihópnum að jafnvel mætti leggja áherslu á færri aðgerðir í næstu aðgerðaáætlun. Fyrsta aðgerðaáætlun Reykjanesbæjar inniheldur 16 aðgerðir, þar af ein aðgerð með þrjár aðgerðir svo í raun voru um 18 aðgerðir að ræða. Þar á meðal voru tvær stefnur en það er umfangsmikið verkefni að skrifa og innleiða stefnu. Einnig má nefna að mikill tími fór, í fyrstu eftir að aðgerðaáætlunin var samþykkt, að fá allt starfsfólk í gegnum UNICEF akademiuna. Stýrihópurinn sér því tækifæri til þess að næsta aðgerðaáætlun geti lagt meiri áherslu á ítarlegri og færri aðgerðir.

5 Barnaskýrsla

Við viljum aðeins fara yfir þær jákvæðu breytingar sem hafa átt sér stað í ungmennaráðinu og sveitarfélaginu sjálfu eftir að barnvænt sveitarfélag verkefnið fór af stað í Reykjanesbæ.

Að okkar mati hefur innleiðing Barnvæns sveitarfélags breytt helling fyrir okkur í ungmennaráðinu á góðan hátt. Við finnum fyrir helling mun á samstarfinu á milli okkar og bæjarfulltrúa. Við finnum fyrir því að upplýsingarflæðið gengur mun betur. Við fáum til dæmis mun meiri upplýsingar eftir sameiginlegan fund okkar og bæjarstjórnar og erum líka fenginn mun meira í allskonar ákvarðanir sem bærinn tekur varðandi hag ungmenna svo að nefnd séu einhver dæmi.

Einnig byrjaði áheyrnafulltrúa verkefni ungmennaráðsins eftir að barnvænt sveitarfélag fór í gang. Það hefur einnig gert helling fyrir okkur að geta setið inn á þeim fundum og vitað hvaða verkefni eru í gangi og framtíðar verkefni sem hafa áhrif á ungmenni og við getum sagt okkar skoðun. Einnig hefur það tíðkast hjá okkur að hver og einn áheyrnafulltrúi kemur inn á formlegan fund ungmennaráðsins og segir frá einhverjum ákveðnum verkefnum sem þeim langar að fá álit á sem þau geta svo farið með í sitt ráð. Þannig hefur flæði upplýsinga milli ungmennaráðsins og sveitarstjórnar aukist til muna. Við nefnum sem dæmi niðurstöður barna og ungmennapings Reykjanesbæjar 2023 og hvernig unnið var með þær. Starfsmaður ungmennaráðsins tók við niðurstöðunum eftir að ungmennaráðið var búið að vinna með þær og setti þær upp í fallega og áhrifamikla skýrslu sem var prentuð út í 100 eintökum og allir pólitískt kjörnir fulltrúar fengu eintak ásamt lykilstarfsmönnum í Ráðhúsi Reykjanesbæjar auk þess sem að bókasafnið fékk 20 eintök til sýnis og varðveislu. (Sjá niðurstöður ungmennapings 2023 í fylgiskjölum). Þær niðurstöður mega fylgja með sem hluti af barnaskýrslu ungmennaráðs Reykjanesbæjar.

Við þökkum Unicef fyrir að hvetja sveitarfélögin á Íslandi til að fara í þetta verkefni og við hlökkum mjög til þess að sjá hvort Reykjanesbær fái viðurkenninguna Barnvænt sveitarfélag. Að okkar mati er Reykjanesbær mun barnvænna sveitarfélag í dag eftir að hafa farið í þetta verkefni. Reykjanesbær á skilið mikið lof fyrir þetta verkefni og þökkum við ungmennaráðið kærlega fyrir að hafa verið þátttakendur í þessu verkefni frá upphafi.

Samantekt

Það má með sanni segja að verkefnið hafi skilað vitundarvakningu hjá starfsfólki Reykjanesbæjar og stjórnarsýslunni. Verkefnið mætti ýmsum áskorunum, má þar á meðal nefna Covid heimsfaraldurinn og náttúruhamfarir. Einnig má nefna að mannabreytingar urðu í hópi lykilstarfsfólks sem studdu sérstaklega við verkefnið.

Reykjanesbær stefnir á að halda ótrauð áfram í innleiðingu á Barnasáttmálanum. Fylgja þarf eftir aðgerðunum í þessari aðgerðaáætlun og framkvæma nýtt stöðumat. Lagt er til að sérstaklega verði fylgt eftir aðgerðum númer 5 og 6 um fræðsluáætlanirnar, númer 14 um lágþröskuldaúrræðið, númer 15 um reglur fyrir nemendafélögin og númer 7 og 16 um yfirferð á stefnum og frístundastefnu. Einnig er tækifæri til þess að halda betur utan um áheyrnafulltrúana, veita þeim betri stuðning og fræðslu um sitt hlutverk.

Það eru enn tækifæri hjá Reykjanesbæ til þess að gera betur og meira og erum við spennt fyrir áframhaldandi vinnu með verkefnið Barnvænt sveitarfélag.